

**2013 nr. 41 5. apríl****Lög um heimild til handa ráðherra, f.h.  
ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu  
innviða vegna atvinnustarfsemi í landi  
Bakka í Norðurþingi**

Tóku gildi 10. apríl 2013. Breytt með l. 131/2014 (tóku gildi 31. des. 2014) og l. 64/2015 (tóku gildi 18. júlí 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Vegna fyrirhugaðrar stofnunar og reksturs atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæði í landi Bakka í Norðurþingi, þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjárfestingu sem hafi jákvæð þjóðhagsleg, samfélagsleg og efnahagsleg áhrif á Húsavík og nágrenni þess, og í þeim tilgangi að byggja upp nauðsynlega innviði vegna iðnaðarsvæðisins, er:

a. ráðherra, f.h. ríkissjóðs, heimilt, að fengnum heimildum í fjárlögum, að semja við Vegagerðina um gerð vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka

...<sup>1)</sup>

b. ráðherra sem fer með lánsfjármál ríkissjóðs heimilt, f.h. ríkissjóðs, að fengnum heimildum í fjárlögum, að semja við hafnarsjóð Húsavíkurhafnar um víkjandi lán til hafnarframkvæmda fyrir allt að 819 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012.]<sup>2)</sup>

□ Gera skal grein fyrir fjárveitingum og lánsfjárhæð hvers árs í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár.

□ Ekki er heimilt að hefja vinnu við framkvæmdir vegna uppbyggingarinnar nema tryggt sé með samningi við félag að hafin verði atvinnustarfsemi orkufreks iðnaðar í landi Bakka.

<sup>1)</sup> L. 64/2015, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 131/2014, 1. gr.

■ **2. gr.** Heimild til gerðar samninga skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. og til lánveitingar vegna hafnarframkvæmda skv. b-lið 1. mgr. 1. gr. skal ekki taka gildi fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt samþykki fyrir þeim.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Lög þessi falla úr gildi 1. janúar [2016]<sup>1)</sup> hafi uppbygging skv. a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. ekki hafist fyrir þann tíma.

<sup>1)</sup> L. 131/2014, 2. gr.